

Ár 2002, mánudaginn 7. október, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) kærumálið nr. 2/2002

Handknattleiksdeild Hauka

gegn

Ungmennafélagi Selfoss

og uppkveðinn svofelldur

DÓMUR:

Mál þetta var þingfest 30. september s.l. og dómtekið sama dag. Mál þetta var höfðað með kæru sem dags. er 13. september 2002 og móttekin hjá skrifstofu HSÍ sama dag.

Álítaefni það sem borið hefur verið undir dómstól HSÍ er synjun HSÍ frá 13. september s.l. á undirritun félagaskiptaeyðublaðs Robertas Pauzuolis (RP), kt. 281072-2349, þar sem leikmaðurinn fer fram á félagaskipti úr Ungmennafélagi Selfoss yfir í Hauka og þannig neitað leikmanninum um leikheimild með hkd. Hauka fyrir en A-leikmannasamningi hans við hkd. Selfosss væri lokið.

Hkd. Hauka hefur kært synjun HSÍ og gert þær dómkröfur aðallega að hkd. Selfosss samþykki fyrir sitt leyti félagaskipti leikmannsins RP frá Selfossi til Hauka og til vara að stjórn HSÍ skrifi undir félagaskipti leikmannsins RP frá Selfossi til Hauka.

Félag fjárfesta RP hefur f.h. hkd. Selfoss skilað ódagsettri greinargerð til skrifstofu HSÍ, þar sem fram kemur að hkd Selfoss telur RP enn bundinn félaginu samkvæmt leikmannasamningi gerðum milli þeirra. Að mati dómstóls HSÍ ber að líta á þessa staðhæfingu sem kröfu félagsins um að dómstóllinn staðfesti ákvörðun HSÍ um að sýna RP um félagaskipti og leikheimild með hkd. Hauka.

Mál þetta var þingfest fyrir dómstól HSÍ hinn 30. september s.l. eins og áður greinir. Ákveðið var að sama dag skyldi fara fram munnlegur málflutningur í málinu. Höfst aðalmeðferð málsins með skýrslutöku af vitninu RP. Síðan fór fram munnlegur málflutningur talsmanna aðila.

Fyrstur tók til máls Ágúst Sindri Karlsson hdl. fyrir hönd hkd. Hauka og gerði grein fyrir framkomnum kröfum, rakti sjónarmið kæranda og lagði málið í dóm með venjulegum fyrirvara. Síðan tók til máls Sigurður Sigurjónsson hdl. fyrir hönd hkd. Selfoss, gerði grein fyrir framkomnum kröfum, rakti sjónarmið varnaraðila og lagði málið í dóm með venjulegum fyrirvara. Lögmenn tóku stuttlega til máls að nýju og lögðu málið að svo búnu í dóm. Að síðustu var fyrirvarsmönnum málsaðila gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum stuttlega á framfæri við dóminn að öðru leyti en því sem fram hafði komið í málflutningsræðum. Tók þá fyrst til máls Hallur

Haldórsson sem var mættur fyrir hönd fjárfesta RP, og rakti samningaviðræður sem höfðu farið fram milli þeirra f.h. Selfoss og RP. Eiður Arnarson formaður hkd. Hauka rakti síðan frekar sjónarmið síns félags. Að því búnu var málið tekið til dóms.

Niðurstaða:

Kæra er dagsett 13. september 2002 og stimpluð um móttöku sama dag á skrifstofu HSÍ. Þannig hefur kærán borist innan 24 klst. kærufrestsins sem áskilinn er skv. 1. tl. 5. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ. Einnig er lagt til grundvallar að uppfyllt hafi verið ákvæði 3. gr. sömu reglugerðar um kærurétt þannig að kærandi geti talist vera réttur aðili að málinu.

Aðalkröfu kæranda er vísað frá dómi þar sem ekki þykja vera rök til að dæma hkd. Selfoss til að samþykkja félagaskipti sem félagið hefur lýst sig mótfallið. Varakröfu kæranda þykir mega skilja þannig að stjórn HSÍ skuli með dómi gert skylt að heimila félagaskipti RP og veita honum þannig leikheimild með hkd. Hauka að því gefnu að leikmaðurinn og kærandi hafi uppfyllt samningsbundin skilyrði fyrir útgáfu slíkrar heimildar. Telst þessi krafa vera í samræmi við ákvæði b-liðar 3.1.3. í félagaskiptareglugerð HSÍ um heimild starfsmanna á skrifstofu HSÍ og formanns HSÍ eða staðgengils hans úr stjórn til að undirrita félagaskiptaeyðublað. Verður ákvæði þetta ekki skilið á annan hátt en þann að neiti félag að undirrita félagaskiptaeyðublað án réttmætrar ástæðu þá hafi starfsmenn á skrifstofu HSÍ, stjórnarformaður eða staðgengill hans sjálfstæða heimild til að undirrita félagaskiptin, eftir atvikum að undangengnum dómi.

Hkd UMF Selfoss og RP undirrituðu leikmannasamning 5. október 2000 og er gildistími hans til 5. október 2003. Jafnframt liggur fyrir A-leikmannasamningur milli sömu aðila undirritaður 20. September 2001 og gildir hann til 1. maí 2003. Lagður hefur verið fram viðaukasamningur milli aðila dags. 28. maí 2000, undirritaður af aðilum.

Ágreiningur aðila snýst fyrst og fremst um það hvort hkd. Selfoss hafi sagt upp leikmannasamningi við RP. Dómurinn lítur svo á að í gildi sé A-leikmannasamningur milli hkd. Selfoss og RP sem tók við af leikmannasamningi milli sömu aðila sem undirritaður var dags. 5. október 2000. Í fyrri samningnum eru ekki sömu skilmálar og í A-leikmannasamningnum en í þeim samningi eru skýr fyrirmæli um að samhliða honum skuli gerður viðaukasamningur, sem felur í sér nánari útlistun á þeirri umbun, sem leikmaður nýtur fyrir það að æfa og leika handknattleik með félaginu. Viðaukasamningur skal ávallt hafa sömu tímamörk og A-leikmannasamningur viðkomandi samningsaðila. Það að fyrri samningurinn er gerður fyrir gildistöku núgildandi reglugerðar HSÍ um félagaskipti en hún var samþykkt á 44. Ársþingi HSÍ sem haldið var 16. og 17. mars 2001 breytir ekki því að hkd. Selfoss og RP undirrituðu A-leikmannasamning 20. september 2001 og gengust þar með undir þá skilmála að sá samningur og viðaukasamningur hefðu sömu tímamörk.

Í ákvæði 3.3. í A-leikmannasamningi segir að samningsaðilar geti hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan frá samningi þessum. Skal slíkt skriflega tilkynnt skrifstofu HSÍ. Í 3. gr. viðaukasamnings er kveðið á um heimild beggja aðila til að segja upp þeim samningi sem fjallar um greiðslur til RP en orðrétt segir í ákvæðinu:

“Robertas Pauzuolis agrees to play handball for umf. Selfoss from 1. July 2000-30. April 2003. The player has a summer- holiday in Mai and June 2001 and 2002. The contract can be terminated by both parts from 1. April to 30. April 2001 and 2002. The club have (sic) a right to get the sum they paid to Granitas Kaunas back when the player leaves, from the club he is going to.

Í málinu liggur fyrir að þann 29. apríl 2002 sagði hkd. Selfoss upp viðaukasamningnum við RP samkvæmt heimild í 3. gr. samningsins. Kærandi telur að með uppsögn þess samnings hafi hkd. jafnframt sagt upp leikmannasamningi við RP og því hafi honum verið heimilt að semja við RP. Kærandi vísar máli sínu til stuðnings til nýfallins dóms dómstóls HSÍ í máli hkd. Hauka og Stjórnunnar. Skilja verður málflytning varnaraðila þannig að hann telji að leikmannasamningur sé í gildi þrátt fyrir uppsögn viðaukasamningsins enda hafi nýr viðaukasamningur verið handsalaður skömmu síðar. Enn fremur er því haldið fram að ef leikmannasamningur væri talinn fallinn úr gildi þá bæri hkd. Hauka í samræmi við 3. gr. viðaukasamningsins að greiða sömu fjárhæð og og greitt var í upphafi fyrir RP til Granitas Kaunas, eða jafnvirði 45.000 þýskra marka.

Eins og að framan er rakið greinir aðila á um hvernig beri að skilja lokamálslið 3. gr. viðaukasamningsins um greiðslu til varnaraðila ef RP fari frá félaginu. Hvorki vitnisburður RP og málflytningur aðila né útskýringar fjárfesta RP þykja hafa sýnt fram á með vissu hvernig skilja beri ákvæðið. Í þessu sambandi verður því að byggja túlkun ákvæðisins á viðurkenndum lögskýringarreglum og túlkun þeirra samninga sem liggja fyrir og ágreiningslaust er að gildi á milli aðila.

Dómurinn telur að ákvæði 3. gr. viðaukasamningsins verði ekki skilið á þann veg að varnaraðili geti sagt upp samningnum og síðan krafist umræddrar greiðslu af væntanlegum umsemjanda RP. Þrátt fyrir óskýrt orðalag ákvæðisins er það álit dómsins að orðalagið bendi til þess að ef RP segði upp samningnum þá væri varnaraðila heimilt að krefjast umræddrar greiðslu. Önnur niðurstaða væri verulega íþyngjandi í garð RP. Skilningi varnaraðila á ákvæðinu er því hafnað.

Í A-leikmannasamningi HSÍ segir að viðaukasamningur skuli ávallt hafa sömu tímamörk og A-leikmannasamningur viðkomandi samningsaðila. Viðaukasamningur milli aðila er hluti A-leikmannasamnings HSÍ, sem verður að skilja með hliðsjón af A-leikmannasamningi. Leikmannasamningur HSÍ var gerður 5. október 2000 og A-leikmannasamningur HSÍ síðan gerður 20. september 2001, en viðaukasamningurinn 28. maí 2000. Með því að undirrita A-leikmannasamning gengust aðilar undir skilmála þess samnings um að samningarnir skuli ávallt hafa sömu tímamörk. Með því


að segja upp viðaukasamningnum þann 29. apríl sl. sagði varnaraðili jafnframt upp A-leikmannasamningi við RP. Hvað varðar staðhæfingar varnaraðila um að nýr samningur við RP hafi verið handsalaður þá verður ekki talið sannað gegn eindreginni neitun RP að samningur milli hans og varnaraðila hafi komist á eftir 29. apríl 2002.


Að öllu þessu virtu þykir rétt að taka til greina varakröfu kæranda og að HSÍ verði gert að heimila félagaskipti Robertas Pauzuolis úr UMF. Selfossi yfir í Hauka með undirritun formanns eða starfsmanns HSÍ á félagaskiptaeyðublað og veita leikmanninum þannig leikheimild með hkd. Hauka..

DÓMSORD:

HSÍ skal heimila félagaskipti Robertas Pauzuolis UMF. Selfossi yfir í Hauka og veita leikmanninum þannig leikheimild með hkd. Hauka.


Vala Valtýsdóttir


Jóhannes Albert Sævarsson


Smári Hilmarsson